

**S3S – SPURNINGAKÖNNUN
UM SKÓLARÝMI SKÓLANEMENDA**

Kennsluefni 2 – Hvernig þú býrð til rýnihópa

Rannsóknarverkefnið CoReD

LEIÐBEININGAR UM HVERNIG BEITA Á RÝNIHÓPUNUM

1. Tilgangur

Þegar búið er að ljúka spurningakönnun á neti snýst seinna skrefið í S3S um að skipuleggja rýnihópa til skýra, staðfesta og rýna niðurstöður úr fyrra skrefi.

2. Kennarinn

Kennarinn eða umsjónarmaður nemendahópsins verður að skipa hópana og örva umræður um skólarýmin. Einnig ætti að styðja rýnihópana með aðilum sem fylgjast með og skrá umræðurnar (tryggja rétta meðferð gagna).

3. Hóparnir

Hver bekkur/árgangur við skólann ætti að leggja til 10 nemendur. Gæta þarf vel að því að hóparnir verði ekki einsleitir og þeir valdir af kennara eða umsjónarmanni nemendahóps. Hlutfall kynja ætti að vera jafnt og hópurinn þarf að vera fjölbreyttur, til dæmis ættu að vera í honum nemendur sem hafa sig mikið í frammi en líka þeir sem eru meira til baka og inn á við, þýðingarmikilir hópa á meðal nemenda ættu að eiga sér í hópnum fulltrúa sem geta lýst mismunandi notkun á skólarýmum. Einnig þarf að gæta að því að virkni í hópnum sé jöfn og hvetja alla til að leggja sitt af mörkum.

4. Rýniganga

Hóparnir verða að heimsækja þá fimm staði sem spurt var um í könnuninni og lýsa tilfinningum tengdum rýmum, hvernig nemendur nota þau og hvers vegna. Þetta þarf að skrá eða taka upp.

5. Tími

Heimsóknir á þessa staði ættu að taka um eina og hálf klukkutund, 15 mínútur á hverjum þeirra fimm staða sem teknir eru fyrir, gjarnan lengur á þeim stöðum þar sem farið er í meiri smáatriði hvað snertir hugsanlegar breytingar. Ábendingar og athugasemdir ættu að beinast að þessum tilteknu rými en nemendur geta bætt einhverju við á leið milli staða.

STJÓRN RÝNIHÓPA

1. Stutt skýring í upphafi

Rýnihóparnir eiga að leiða til skilnings á viðhorfum nemenda til rýma í skólanum.

Þetta er afar mikilvægt svo að gera megi einhverjar breytingar sem gera skólann vistlegri.

Jafnvel þótt ekki megi gera breytingar þegar í stað, ætti að koma sér vel fyrir nemendur að færa eitthvað fram um þetta efni og heyra hvað aðrir að hafa fram að færa, ekki síst þegar skoðanaskiptin leiða til sameiginlegrar niðurstöðu.

Þú gætir byrjað á að segja ...

"Í fyrra skrefi þessarar rannsóknar voruð þið spurð ritaðra spurninga í könnun á neti. Nú ætlum við að deila með ykkur niðurstöðunum og biðja ykkur að bregðast við þeim, ræða þær lítillga."

Svo velur þú eitthvað úr niðurstöðunum og spyrð nánar út í þær, til að mynda ...

2. Hvað snertir útirými

Flestir nemendur héldu því fram að útirými skólans væru ...

Við myndum vilja vita hvort þið séuð sammála þessari almennu skoðun ...

Hvers vegna líka ykkur þessi staður? Hvað er það við hann?

Hvað gerið þið hér, oftast nær?

Hvernig mætti bæta staðinn?

Hverju myndir þú breyta og hvað myndir þú gera hérna ef rýmið væri öðru vísi.

3. Kennslustofur, íþróttarými og sérgreinastofur

Þegar kom að þessum rýmum í könnuninni sögðu nemendur ... Til dæmis: *Þetta er ekki rými sem ykkur líkar ...*

Er þetta líka þín skoðun?

Hvernig heldur þú að standi á þessu viðhorfi?

Hverju væri mikilvægt að breyta?

Hvernig væri frábær kennslustofa í þínum huga?

4. Bókasafn/námsver

Samkvæmt viðhorfum sem birtust í könnuninni ...

Þegar nemendur heimsækja bókasafnið og námsverið virðast þeir afar ánægðir þar.

Hverjar heldur þú að ástæðurnar séu fyrir því að ykkur líður vel þar?

Hvað ertu vanur/vön að gera hérna?

Lýstu einni eða tveimur ánægjulegum stundum sem þú reyndir hérna og þú manst eftir.

Hverju myndir þú bæta við?

Það virðist sem þér finnst að þessi rými gætu verið notalegri.

Hverju myndir þú breyta, til dæmis rýmum, björgum eða búnaði, umhverfinu eða tengslum sem þú hefur myndað hér ...

Hvað gerir þú venjulega hér?

Lýstu áhugaverðum eða síður áhugaverðum augnablikum sem þú hefur átt hérna.

5. Samkomu- og umferðarrými

Svo virðist sem þetta séu rýmin þar sem þið eyðið mestum tíma þegar þið eruð ekki í tímum, er það rétt?

En finnst ykkur að þau gætu verið þægilegri og boðið upp á meira af búnaði eða hlutum að gera?

Hvað annað mætti setja þar inn?

Hverju mætti breyta?

6. Önnur rými

Við komumst líka að því að það eru önnur rými í skólanum sem ykkur líkar að heimsækja.

Nefnið dæmi um þetta og í stuttu máli hvað ykkur líkar við þessa staði.

Haldið þið að breyta þurfi öðrum rýmum í skólanum? Hverjum þá? Hvaða rými myndir þú búa til sem þér finnst núna vanta í skólann?

Að lokum, samandregið ...

Hver er besti eða síst áhugaverði staðurinn í skólanum?

Er eitthvað sem þið viljið segja að lokum?

Takk fyrir þetta mikilvæga framlag!